

Umsögn

um frumvarp til æskulýðslaga, 434. mál,
lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006

Um Samfés og frumvarp til æskulýðslaga.

Það hefur lengi verið baráttumál Samfés að lög nr. 24/1970 um æskulýðslög verði endurskoðuð og lagalegi ramminn í kringum frítímageirann verði efldur. Það er því gleðiefni að á Alþingi sé loks komið fram frumvarp til æskulýðslaga.

Sem fylgigang með þessari umsögn er greinin „Félagsmiðstöðvastarf á vegum sveitarfélaga” eftir Óskar Dýrmund Ólafsson, fyrrverandi formann Samfés. Greinin birist á heimasíðu Vertu til, sem er samstarfsverkefni Sambands sveitarfélaga og Lýðheilsustöðvar um forvarnir. Í greininni er að finna góða lýsingu á stöðu félagsmiðstöðva á Íslandi. Slóðin að greininni er:

http://www.vertutil.is/html/felagsmidstodvastarf_a_vegum_s.html

Áður en farið er í einstaka greinar frumvarpsins er rétt árétta þá skoðun Samfés að það eru vonbrigði að í frumvarpinu sé ekki tekið með ákveðnari hætti á skyldum sveitarfélaga í æskulýðsmálum. Í IX. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er fjallað um skyldur sveitarfélaga í þjónustu við unglinga, s.s. hvað varðar skipulagt forvarnarstarf. Flest sveitarfélög á landinu starfrækja félagsmiðstöðvar sem eru mikilvægur hlekkur í forvarnarstarfi á hverjum stað, enda sýna rannsóknir að þátttaka í skipulögðu félagsstarfi 3 til 4 sinnum í viku sé eitt öflugasta forvarnataekið sem til er. Hlutverk félagsmiðstöðva er sérstaklega mikilvægt fyrir hina ófélagsbundnu æsku, t.d. þá einstaklinga sem ekki taka þátt í starfi íþróttafélaga. Aðildarfélagar Samfés í dag eru um 90 talsins og hefur farið fjölgandi allt frá stofnum. Þá bera að geta þess að krafan um fagmennsku í frítímastarfi verður sífellt meira áberandi, bæði meðal þeirra sem starfa á sviðinu sem og hjá foreldrum og forráðamönnum sem vilja að ungmennum sé tryggð sem best þjónusta í frítímanum. Samfés telur að ný æskulýðslög gefi tækifæri til að skapa ramma utan um frítímastarf á Íslandi, t.d. hvað varðar kröfur um menntun starfsfólks og góðan aðbúnað. Það er álit Samfés að löggjafinn geti stigið fastar til jarðar í V. kafla frumvarpsins og gert meiri kröfur til sveitarfélaganna og byggt ofan á það sem kemur fram í ofangreindum kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Staða Samfés er nokkuð sérstök. Meðlimir samtakanna eru allt miðstöðvar/skrifstofur sem eru reknar af sveitarfélögum. Hins vegar eru samtökin ekki rekin af sveitarfélögunum og starfa sjálfstætt, enda mikil og kraftmikil starfsemi í gangi. Tekjur Samfés eru aðallega þrennskonar: a) félagsgjöld meðlima; b) auglýsingastyrkir og c) tekjur af viðburðum á vegum samtakanna. Opinberir styrkir til Samfés hafa hins vegar verið litlir og samtökin eru í raun frekar veikburða fjárhagslega. Framkvæmdastjóri samtakanna er t.d. bara í 50% starfi, en vissulega væri þörf á hærra stöðugildi. Systursamtök okkar annars staðar hafa flest sterkari og öruggari tekjupósta en við, t.d. Ungdomsríngin í Danmörku sem fær hluta af Lotto-tekjum þar í landi. Það er eitt af megin markmiðum núverandi stjórnar að leita leiða til að geta stækkað hlutfall framkvæmdastjóra svo hægt sé að sinna öllum verkefnum vel og þar með efla samtökin.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins.*10. grein*

Í þessari grein mætti fjalla nánar um þau starfskilyrði sem þurfa að vera til staðar í æskulýðsstarfi, t.a.m. hvað varðar húsnæði og aðbúnað. Hér má til viðmiðunar benda á þær kröfur og viðmiðanir sem nokkur sveitarfélög hafa sjálf sett upp í starfsskrám fyrir sitt æskulýðsstarf.

Í 1. mgr. 10. greinar er sagt að „miða skuli við að þeir sem starfa með og hafa umjón með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi séu löggáða og hafi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins”. Hér mætti nota stekara orðalag heldur en að „miða við” þannig að aðilar séu skuldbundnir til að fara eftir ákvæðum þessarar málsgreinar.

Í 3. mgr. 10. grinar er talað um að ekki megi ráða til starfa aðila sem “hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot eða vegna brota á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni.” Ekki setur Samfés útá að kynferðisbrotamenn sé meinað að vinna með börnum en þegar kemur að aðilum sem hafa einhvertíma gerst brotlegir á ákvæðim laga um ávana- og fíkniefni erum við að útiloka stóran hóp fólks sem hefur náð tókum á lífi sínu eftir að hafa verið í neyslu eiturlyfja og vill láta gott af sér leiða fyrir ungt fólk. Það má þússa þessa málsgrein vel til og setja jafnvel e-r tímamörk o.s.frv.

11. grein

Í þessari grein mætti gera frekari kröfur á sveitarfélögin, sbr. það sem kemur fram í 3. mgr. 1. kafla þessarar umsagnar. Það ber að fagna því að fjallað sé um ungmennaráð í frumvarpinu, en mætti þó setja þær skyldur á sveitarstjórnir (t.d. sem hafa einhvern skilgreindan lágmarks íbúafjölda) að þeim beri að stuðla að stofnun slíkra ráða.

Að lokum.

Sé óskað eftir nánari upplýsingum frá Samfés er sjálfsagt að veita þær. Eins eru fulltúar samtakanna tilbúnir til að mæta á fund menntamálanefndar til að ræða frumvarpið og stöðu samtakanna.

Ólafur Þór Ólafsson
formaður Samfés